

Nd.

496. Nefndarálit

[9. mál]

um frv. til laga um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á 20 fundum og kynnt sér fjöldamargar umsagnir, sem borist höfðu frá ýmsum aðilum. Þá kvaddi nefndin á sinn fund framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, Magnús E. Guðjónsson, og ræddi við hann um þá hlið málsins, sem einkum snýr að sveitarfélögunum. Einnig kvaddi nefndin á sinn fund Indriða Þorláksson deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu og ræddi við hann um kostnaðarhliðina við framkvæmd grunnskólafrumvarpsins. Og loks ræddi nefndin hina kennslufræðilegu hlið málsins við Andra Ísaksson prófessor á tveimur fundum.

Í upphafi nefndarstarfs óskaði Ellert B. Schram að bóka eftirfarandi: „Undirritaður hefur gert að tillögu sinni, að við meðferð menntamálanefndar á frumvarpi til laga um grunnskóla verði gengið út frá þeirri forsendu, að sveitarfélögin og samtök þeirra annist fræðslumálin á skólaskyldustigi að öðru leyti en því, er varðar ákvörðun námsefnis og námseftirlit. Sveitarfélögin standi undir stofnkostnaði og rekstri skóla á grunnskólastiginu, en ríkissjóður greiði kennaralaun.

Frumvarpinu verði breytt í samræmi við ofanefnt grundvallarsjónarmið.

Að sjálfsögðu er þó gert ráð fyrir, að tekjustofnalögum sveitarfélaga verði breytt í framhaldi hér af, svo og að landshlutasamtök sveitarfélaga verði viðurkennd að lögum. Verði hvort tveggja liður í þeirri tillögugerð um breytta verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem boðuð hefur verið af stjórnvöldum á þessu þingi.

Nú er ljóst, að þetta sjónarmið nýtur ekki stuðnings annarra nefndarmanna.

Um leið og ég undirritaður harma þá niðurstöðu, mun ég að sjálfsögðu taka þátt í störfum nefndarinnar um frv, en bera fram tillögur með þeim fyrirvara, sem að ofan er getið.“

Meiri hluti nefndarmanna taldi vonlaust, að hægt yrði að afgreiða grunnskólamálið á þessu þingi, ef bylta ætti því um skv. framanskráðu og m. a. bíða eftir breytingu á tekjustofnalögum sveitarfélaga og lagasetningu um landshlutasamtök sveitarfélaga.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. En breytingartillögur eru fluttar á sérstöku þingskjali. Þó hafa nefndarmenn fyrirvara um einstakar tillögur á þingskjalinu og áskilja sér enn fremur rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 13. mars 1974.

Hannibal Valdimarsson,
form., frsm.

Svava Jakobsdóttir,
fundaskr.

Ingvar Gíslason.

Eysteinn Jónsson.

Ellert B. Schram.
Benedikt Gröndal.

Gunnar Gíslason.